



Fundargerð

Mánudaginn 7. nóvember 2022 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólafjónustu A-Hún kl. 18.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarkonurnar: Erla Jónsdóttir, Ásdís Ýr Arnardóttir og Péturína Laufey Jakobsdóttir.

Auk þess sátu fundinn undir 2. dagskrárlið Eydís Inga Sigurjónsdóttir forstöðumaður Sæborgar og Berglind Hlín Baldursdóttir fræðslustjóri ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra byggðasamlagsins. Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri boðaði forföll.

Péturína Laufey Jakobsdóttir sem hafði lengstan starfsaldur fundarmanna setti fundinn og stýrði kjöri formanns sem tók síðan við fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara

Tillaga borin upp um Ásdísi Ýr sem formann sem samþykkt var samhljóða og tók hún við stjórn fundarins. Tillögur um að Péturína Laufey Jakobsdóttir verði varaformaður og Erla Jónsdóttir verði fundarritari bornar upp og einnig samþykkt samhljóða.

2. Skipun félagsmálaráðs/barnaverndarnefndar

Eftirtaldir voru skipaðir í félagsmálaráð/barnaverndarnefnd til áramóta 2022/2023:

Ásdís Adda Ólafsdóttir
Hjalti V. Reynisson
Jensína Lýðsdóttir
Lee Ann Maginnis
Þorbjörg Bjarnadóttir

Til vara: Anna M. Sigurðardóttir
Til vara: Sigríður Gestsdóttir
Til vara: Kolbrún Á. Guðnadóttir
Til vara: Kári Kárasón
Til vara: Jóhanna H. Halldórsdóttir

3. Fjárhagsáætlun 2023

a. Skýrsla félagsmálastjóra

Farið yfir áherslur félagsmálastjóra vegna vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs. Flutt munnlega og til kynningar af framkvæmdastjóra og fræðslustjóra.

b. Skýrsla fræðslustjóra

Farið yfir áherslur fræðslustjóra vegna vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs. Flutt munnlega og til kynningar af fræðslustjóra.

c. Skýrsla forstöðumanns Sæborgar

Farið yfir áherslur forstöðumanns hjúkrunarheimilisins Sæborgar vegna vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs. Flutt munnlega til kynningar af hjúkrunarforstjóra.

Handwritten initials: S, A, P, T, M, A, T



4. Staða framkvæmda 2022

a. Sæborg

Í áætlun ársins var gert ráð fyrir umfangsmiklum framkvæmdum á Sæborg og sótt um styrk úr framkvæmdasjóði aldraðra til að mæta kostnaði við framkvæmdirnar. Byggðasamlagið hlaut styrk að upphæð 22.743.624 kr. sem nemur 40% af heildarkostnaðaráætlun framkvæmda sem sótt var um framlag vegna. Samningur vegna framlagsins var undirritaður þann 15. september sl. og hefur byggðasamlagið tvö ár frá þeim tíma til þess að nýta þá fjármuni sem að veittir voru en fellur það niður að öðrum kosti.

b. Hnitbjörg

Í áætlun ársins var gert ráð fyrir endurgerð á einni íbúð sem lauk fyrir á árinu.

c. Ægisgrund

Í áætlun ársins var gert ráð fyrir endurgerð á einni íbúð sem lauk fyrir á árinu.

d. Skúlabraut

Í áætlun ársins var gert ráð fyrir umfangsmiklum framkvæmdum á Skúlabraut m.a. að skipta um gler í húsinu, gólfefni og endurgerð á baði. Framkvæmdir töfðust vegna óviðráðanlegra aðstæðna á heimilinu en vonir standa til þess að meirihluti þeirra klárast á árinu.

Fulltrúi Húnabyggðar Ásdís Ýr Arnardóttir óskaði eftir því að bóka eftirfarandi:

Í ljósi þess að sveitarstjórn Húnabyggðar hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um framtíðarskipan félags- og skólaþjónustu í nýju sveitarfélagi, leggur fulltrúi Húnabyggðar Ásdís Ýr Arnardóttir, frekari umræðum um fjárfestingar í byggðasamlaginu sé frestað.

5. Héraðsdómur Norðurlands vestra í máli E-109/2021

Fyrir fundinum lá dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli E-109/2021. Í málinu krafðist starfsmaður Sæborgar þess að ákvörðun forstöðumanns hjúkrunarheimilisins Sæborgar um að flytja hana til í starfi yrði dæmd ógild. Að mati dómsins var hjúkrunarheimilið að bregðast við aðstæðum sem komu upp á heimilinu til þess að tryggja eins og unnt var að þær endurtækju sig ekki. Niðurstaða dómsins er að hjúkrunarheimilinu hafi verið heimilt að gera umræddar breytingar á starfi starfsmannsins og að ekki hafi verið staðið að þeim á þann hátt að efni séu til að ógilda ákvörðunina. Var hjúkrunarheimilið sýknað af öllum kröfum starfsmanns. Málskostnaður var felldur niður og fellur því á byggðasamlagið. Vísa þarf málskostnaði til viðauka.

6. Önnur mál.

Fulltrúi Húnabyggðar í stjórn Ásdís Ýr Arnardóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

PLJ
g.
AYK



Félags- og skólaþjónusta A- Hún


Sveitarfélagið Húnabyggð leggur áherslu á að hér situr einn fulltrúi sveitarfélagsins en ekki tveir þrátt fyrir að þau sveitarfélög sem sameinuð voru s.l. vor hafi átt sitt hvorn fulltrúan samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

Sveitarfélagið Húnabyggð áréttar og telur eðlilegt að sveitarfélagið eigi að minnsta kosti 2 fulltrúa stjórn byggðasamlagsins í ljósi íbúafjölda og greiðsluþátttöku.


Sveitarstjórnarfulltrúar Húnabyggðar samþykktu á sameiginlegum fundi sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu að eingöngu einn fulltrúi sitji þennan fund hér í dag til að unnt sé að fjalla um fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Þar var um að ræða málamiðlun til að koma í veg fyrir rof á þjónustu við skjólstæðinga Félags- og skólaþjónustunnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 20:01

Stjórn:


Ásdís Ýr Arnardóttir


Erla Jónsdóttir


Péturína Laufey Jakobsdóttir

Starfsmenn:


Alexandra Jóhannesdóttir

